

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík, 30. janúar 2023
UST202301-110/B.S.
10.04.00

Efni: Tillaga - aðal- og deiliskipulag - Moldhaugaháls, Hörgársveit. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar dags. 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar tillögur.

Fyrirhuguð eru aukin umsvif og starfsemi á efnisvinnslu- og athafnasvæði á Moldhaugahálsi. Gert er ráð fyrir fjölda bygginga og að svæðið verði skilgreint að hluta sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Skilmálar um efnistöku eru óbreyttir.

Hér er um mjög metnarfullar tillögur að ræða og mikilvægt að þessar tillögur gangi eftir með ásýnd svæðisins í huga. Þarna verður efnistaka a.m.k. næstu 50 árin. Náman við Moldhaugaháls er á mjög áberandi stað við Hringveginn þar sem hann sveigir til suðurs inn Eyjafjörð. Framkvæmdaraðili á svæðinu er þekktur af krafti og dugnaði eins og fjöldi vinnuvéla ber með sér. Þetta eru safnarar sem hafa burði til að viðað sé vélum og tækjum nánast óháð stærð og þyngd en slíkt er á færi fæstra.

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um fyrirhugaðar hvelfingar sem sprengdar verða í bergið þar sem ætlunin er að hafa m.a. sýningar. Þetta eru djarfar og frumlegar hugmyndir og vel á færi framkvæmdaraðila að framkvæma. Umhverfisstofnun telur jákvætt að geymslusvæði verði sem vestast þannig að ýmiskonar munir verði sem mest í hvarfi og er ánægjulegt að sjá að fyrsti áfangi geymslusvæðis mun njóta forgangs.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að langtíma geymsla verði eins innarlega í námunni og kostur er. Ljóst má verða að taka mun langan tíma að reisa þau mannvirki sem skilgreind eru í skipulaginu. Því þarf að leggja megináherslu á að koma tækjum, vélum og öðru dóti sem best fyrir þannig að ekki verði til lýta því hér eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem munu hafa langan aðdraganda og mikilvægt að leggja mikla áherslu á að ásýnd svæðisins verði sem best.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögurnar.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir,
sérfræðingur